

Akureyrarbær  
Formaður bæjarráðs  
Guðmundur Baldvin Guðmundsson  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



Akureyri 20. desember 2019

### Efni: Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri

Þann 23. febrúar 1997 var undirritað samkomulag milli menntamálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar um stofnun og rekstur Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands (VMÍ). Frá undirritun samningsins til loka árs 2002 greiddi ríkið 50 milljónir króna til samkomulagsins sem var annars vegar rekstur VMÍ og hins vegar til uppbyggingar íþróttamannvirkja sem tengjast vetrariþróttum á Akureyri. Nýr samningur var undirritaður 17. mars 2003 og gildi hann til loka árs 2008 og var til uppbyggingar íþróttamannvirkja, sjá fylgiskjal 1. Á samningstímanum setti ríkið 180 milljónir til íþróttamannvirkja á Akureyri. Frá því að þessi samningur rann út hefur ekki verið í gildi samningur til uppbyggingar mannvirkja. Samningur sá sem nú er í gildi var einnig undirritaður 2003 og er um rekstur VMÍ og styrkveitinga til fræðslustarfs sbr. reglugerð 362/1995 um Vetrariþróttamiðstöð Íslands.

Stjórnir Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands og Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA) leggja áherslu á að Akureyrarbær móti sér stefnu um framtíð Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands með Akureyri sem sinn heimabæ. Án skýrrar framtíðarsýnar teljum við hættu á að önnur sveitarfélög sjái tækifæri í að fóstta VMÍ sínum sveitarfélögum til framdráttar.

Stjórnir VMÍ og ÍBA benda á eftirfarandi tækifæri sem eru til staðar með staðsetningu VMÍ á Akureyri:

- Sótt verði um að þjóðarleikvangur í vetrariþróttum verði staðsettur á Akureyri
- Akureyrarbær hafi forgöngu um að virkja á ný uppbyggingarsamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um uppbyggingu vetrariþróttamannvirkja á Akureyri sem miðstöðvar vetrariþróttar
- Að rekstrarsamningur um VMÍ verði tryggður

Stjórnir VMÍ og ÍBA ítreka mikilvægi þess að mótuð verði skýr framtíðarsýn þeirra sem að samningnum standa og lýsa sig reiðubúnar til samráðs. Stjórnirnar hvetja forsvarsmenn

Akureyjarbæjar til að hafa frumkvæði að því að endurvekja uppbyggingarsamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið og með því styrkja vetraríþróttir á Akureyri og landinu öllu.

F.h. Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands

Dórunn Sif Haraldsd.

F.h. Íþróttabandalags Akureyrar

Pjetur M. Adalsteinsson